

Nd. **436. Frumvarp til laga** [179. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi,
Gullbringusýslu.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi, Gullbringusýslu, jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með bréfi, dags. 15. febr. 1966, sem prentað er sem fylgiskjal, hefur oddviti hreppsnefndar óskað eftir því, að frumvarp þetta væri flutt. Jafnframt er prentuð sem fylgiskjal yfirlýsing ábúanda Gufuskála, þar sem hann fellur frá forkaupsrétti.

FYLGISKJAL I.

Hreppsnefnd Gerðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 13. febr. 1966 að óska eftir því við hæstvirt Alþingi, að Gerðahreppur fái keypta ríkisjörðina Gufuskálar ásamt hjáleigubýlinu Vesturkoti í Gerðahreppi.

Ástæðan fyrir óskum hreppsnefndarinnar í þessu máli er sú, að hún álitur, að stefna eigi að því, að hreppurinn eignist jarðir innan hans, svo að hægt sé að láta skipuleggja þær og byggja á þeim.

F. h. hreppsnefndar Gerðahrepps,
Björn Finnbogason.

FYLGISKJAL II.

Ég undirritaður, Valgeir Sveinbjörnsson, ábúandi á Gufuskálum í Gerðahreppi, lýsi því hér með yfir, að ég óska ekki eftir að nota forkaupsrétt minn til kaupa á Gufuskálum.

Gerðahreppi, 3/11 1965.
Valgeir Sveinbjörnsson.